

25. janúar 2014, Akureyri

Bréf til alþingismanna

Ágætu alþingismenn,

Ég undirrituð, Makhmura Khaligova (k.t.140179-2489) sótti um íslenskan ríkisborgararétt september 2012 en fékk synjun á umsókn 2013. Synjað var vegna óuppfylltrar kröfu um íslenskan ríkisborgararétt – búsetuleyfi (bréf, Tilv.: IRR12090067/7.10, Reykjavík 24. Júní 2013).

Með þessu bréfi vil ég gefa innsýn í það af hverju ég vil vera íslenskur ríkisborgari.

Ég er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara síðan 2005, er búsett hér á landi í 8 ár frá giftingu og við eigum saman þrjú börn (3,4,5).

Það hefur verið erfiður tími fyrir mig og alla fjölskylduna vegna heilsuástands míns. Frá árinu 2006 höfum við verið að reyna að eignast barn og þurfti að leita til læknis (Artic Medica) til þess að það gæti orðið. Ég þurfti að fara gegnum glasafrjóvgun, taka inn ýmis lyf og fara í tvær aðgerðir. Árið 2008 eignuðumst við tvíbura sem fæddust fyrir tíma. Bæði börnin voru mjög veikburða og þurftu mikla aðstoð. Því miður misstum við litlu stelpu okkar tveimur dögum eftir fæðingu. Reyndi þetta mikið á okkur og var sorgin mikil. Á þessum tíma var ég veruleiga veik og mjög niðurdregin. Allt ofanefnt varð til þess að ég mundi ekki eftir að taka ábyrgð á því að endurnýja dvalarleyfi og Útlendingastofnun (UTL) þurfti að senda mér áminningar.

Mér var fyrst veitt dvalarleyfi 2006 til 2007. Síðan sótti ég um endurnýjun á því leyfi 2010 eftir ábendingu UTL. Næst fékk ég dvalarleyfi árið 2010 til 2011 og aftur 2011 til 2012.

Árið 2012 sótti ég um íslenskan ríkisborgararétt hjá Innanríkisráðuneytinu en ekki um framlengingu dvalarleyfis af því að mér var sagt í símasamtali við UTL að það sé ekki nauðsynlegt að sækja um endurnýjað dvalarleyfi ef ég ætla að sækja um ríkisborgararétt. Zane Brikovska (270869-2469), verkefnastjóri fjölmenningarmála hjá Akureyrarbæ og maðurinn minn Zakir Jón Gasanov (270465-2269) ber vitni um það. Samt var mér aftur tilkynnt árið 2013 að ég væri ekki lengur með gilt dvalarleyfi. Þá

sótti ég aftur um framlengingu dvalarleyfis árið 2013 sem gildir núna fram til júní 2014.

Í júní 2013 barst mér bréf frá Innanríkisráðuneytinu varðandi umsókn mínar um íslenskan ríkisborgarrétt. Mér var synjað vegna óuppfylltrar kröfu um íslenskan ríkisborgarrétt. Ég hef ekki fengið búsetuleyfi og uppfylli ekki skilyrði fyrir útgáfu búsetuleyfis fyrir en júní 2018.

Ég hef lagt mikið á mig við að læra íslensku, skapa mér vinnu, aðlagast samfélaginu og kynnst Íslendingum.

Við erum búin að fóta okkur á Íslandi og okkur líður hér mjög vel. Það er einlæg ósk okkar að búa áfram, starfa og ala upp börnin okkar hér á Íslandi.

Við vonum svo sannarlega að til sé jákvæð lausn á máli mínu.

Með vinsemd og virðingu,



Makhmura Khaligova k.t.140179-2489

Meðfylgjandi er ljósrit af bréfum:

1. Innanríkisráðuneytið , Tílv.: IRR12090067/7.10, Reykjavík 24. Júní 2013
2. Zakir Jón Gasanov, Akureyri 24.janúar 2014

Ég heiti Zakir Jón Gasanov fæddur 27 apríl 1965 í Baku í Azerbaijan. Ég hef búið á Íslandi síðan 1998 og hef haft Íslenskan ríkisborgararétt síðan 2004. Ég er fulltrúi Azerbaijan á Íslandi. ÉG vinní MS Akureyri. ER giftur og á fjögur börn. Eitt barn er fætt erlendis en þrjú hér á Akureyri. Kona mín heitir Makhmura kt:140179-2489... Hún er fædd 14. Janúar 1979. Hún kom til Íslands árið 2005. Frá árinu 2006 höfum við verið að reyna að eignast barn og þurft að leita til læknis til þess að það geti orðið. Þurfti hún m.a. að fljúga töluvert milli Akureyrar og Reykjavíkur til að hitta lækni sinn í Artic Medica þar sem hún gekk í gegnum glasafrjóvgun svo við hjónin gætum eignast barn. Hún þurfti að taka inn ýmis lyf og hormóna og árið 2007 fór hún tvær aðgerðir og hefur verið verulega veik síðan.

Árið 2008 eignuðumst við tvíbura sem fæddust fyrir tímann. Strák og stelpu. Bæði börnin voru mjög veikburða og þurftu mikla aðstoð. Því miður þá misstum við litlu stelpuna okkar tveimur dögum eftir fæðingu. Reyndi þetta mikið á okkur og var sorgin mikil. Við þurftum að halda annað heimili í Reykjavík næstu 6 mánuði því sonur okkar þurfti töluverða læknaaðstoð fyrstu mánuði lífs hans.

Ég get ekki lýst þessum tíma með nokkrum orðum því tilfinningar mínar ráða ekki við það. Ég á ekki orð til að lýsa líðan okkar því þetta var algerlega einstök upplifun. Alger tilfinningarússíbanareið sem ég óska engum.

Þegar við komum svo heim til Akureyrar, árið 2008, þá var kona mín mjög mikið niður fyrir. Hún fór ekki útúr húsi og vildi ekki tala við fólk. Hún vildi ekki eiga nein samskipti við neinn utan heimilisins.

Auðvitað reyndi þetta mikið á fjölskylduna og allt okkar líf.

Konan mín hefur frá 2006 ekki verið með sjálfri sér og var hún ekki meðvituð um þá lagalegu skyldu sína að endurnýja dvalarleyfi sitt á hverju ári. Ég sjálfur var undir miklu álagi við að sinna fjölskyldunni og var ekki heldur með hugann við neitt annað.

Ég á erfitt með að útskýra með orðum hvernig konunni minni leið á þessum tíma en árið 2009 eignuðumst við stúlku og aftur árið 2010 eignuðumst við aðra stúlku. Á þessum tíma fer heilsa hennar batnandi til mikill muna og hún fer meir og meir út úr húsi. Hún fór aftur á vinnumarkaðinn, fór til Azerbaijan til að hitta móður sína. Hún kom aftur til lífs.

Fyrir tveimur árum síðan sóttum við um Íslenskan ríkisborgararétt. Lagði hún inn alla pappíra og greiddi öll tilskilin gjöld. 24. Júní sl. Fékk hún svo bréf frá Innanríkisráðuneytinu þar sem vísað var í umsögn útlendingastofnunnar. Í þeirri umsögn er umsóknarsaga konu minnar rakin og er hún í fullu samræmi við heilsufar hennar á þeim tíma.

Ég hef talað við nokkra aðila hjá útlendingastofnun og hef fengið mjög ólík svör. Fanney Óskarsdóttir, lögfræðingur hjá Innanríkisráðuneytinu taldi að hún þyrfti búsetuleyfi til að geta fengið Íslenskan ríkisborgararétt. Samt ég alveg viss, þetta væri ekki rétt. Þarf ekki búsetuleyfi því kona mín væri gift Íslenskum ríkisborgara og sé búin að vera gift mér lengur en þrjú ár.

Ég þarf að fá hjálp frá ykkur með von um að útlendingastofnun breyti umsögn sinni svo kona mín geti sagt sig vera Íslending fyrir alvöru.

Kv.Zakir Jón Gasanov



Makhmura Khaligova
Lundargötu 9
600 Akureyri

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 24. júní 2013
Tilv.: IRR12090067/7.10

Ráðuneytið vísar til umsóknar yðar um íslenskan ríkisborgararétt sem barst 7. september 2012.

Af því tilefni bendir ráðuneytið á að samkvæmt 7. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952, sbr. 5. gr. laga nr. 81/2007, er ráðherra einungis heimilt að veita íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt umsókn ef vafalaust er að umsækjandi uppfylli skilyrði 8. og 9. gr. laganna. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 8. gr. laganna skal umsækjandi sem er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara hafa verið búsettur hér á landi í þrjú ár frá giftingu. Að auki verður umsækjandi að uppfylla skilyrði til þess að fá búsetuleyfi útgefið af Útlendingastofnun og hafa slíkt leyfi þegar sótt er um íslenskan ríkisborgararétt, nema hann sé undanþeginn skyldu til að hafa dvalarleyfi hér á landi, sbr. 3. mgr. 8. gr. Samkvæmt e-lið 2. mgr. 8. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002, með síðari breytingum, er umsækjandi sem er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara og hefur búið með honum hér á landi og haft dvalarleyfi *samfellt* í þrjú ár eftir stofnun hjúskapar, heimilt að dvelja hér á landi án dvalarleyfis.

Ráðuneytið hefur aflað umsagnar Útlendingastofnunar um umsókn yðar. Í umsögn stofnunarinnar kemur m.a. fram að yður hafi fyrst verið veitt dvalarleyfi þann 27. mars 2006 til 1. janúar 2007. Ekki hafi verið sótt um endurnýjun á því leyfi fyrr en eftir ábendingu Útlendingastofnunar í júní 2010 um að þér væruð í ólögmætri dvöl. Yður hafi næst verið veitt dvalarleyfi 6. ágúst 2010, sem var endurnýjað 16. nóvember 2010 til 16. nóvember 2011 og aftur 7. október 2011 til 7. október 2012. Með bréfi, dags. 22. febrúar 2013, hafi yður verið tilkynnt að þér væruð ekki lengur með gilt dvalarleyfi á Íslandi og sóttuð þér aftur um dvalarleyfi 9. apríl 2013. Yður hafi nú verið veitt dvalarleyfi sem gildir frá 6. júní 2013 til 6. júní 2014. Þá segir í umsögn Útlendingastofnunar að þar sem þér hafið ekki sótt um framlengingu dvalarleyfis sé litið á þetta sem fyrsta leyfi. Stofnunin segir að þér hafið ekki fengið búsetuleyfi og uppfyllið ekki skilyrði fyrir útgáfu búsetuleyfis fyrr en 6. júní 2018. Jafnframt tekur stofnunin fram að þér séuð ekki undanþegnar skyldu til að hafa dvalarleyfi hér á landi þar sem þér hafið ekki haft samfellt leyfi á grundvelli hjúskapar með íslenskum ríkisborgara.

Með vísun til umsagnar Útlendingastofnunar og til þess að þér uppfyllið ekki skilyrði 3. mgr. 8. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt um búsetuleyfi eða undanþágu frá því, er ráðuneytinu ekki heimilt að verða við umsókn yðar.

Ráðuneytið vill hins vegar vekja athygli yðar á því að skv. 6. gr. laganna veitir Alþingi


ríkisborgararétt með lögum.

Ef þér óskið eftir að umsókn yðar verði lögð fyrir Alþingi í því skyni að yður verði veitt undanþága frá almennum reglum um veitingu ríkisborgararéttar þurfið þér að rita ráðuneytinu bréf þar sem þér óskið þess að umsókn yðar verði framsend Alþingi. Í því bréfi þarf að gera ítarlega grein fyrir ástæðu þess að þér teljið yður þurfa á íslenskum ríkisborgararétti að halda fyrir en almennar reglur kveða á um.


Ráðuneytið mun þá að fenginni umsögn Útlendingastofnunar og lögreglu framsenda slíkt erindi yðar til Alþingis.

Til að umsókn yðar verði tekin fyrir síðar þarf að senda Útlendingastofnun nýja umsókn um ríkisborgararétt ásamt tilskildum gögnum og greiðslu fyrir umsókn.

Fyrir hönd ráðherra



Hermann Sæmundsson



Fanney Óskarsdóttir

~~thoskar@siminet.is~~